

## Lifandi bókasafn

Hinn 22. október sl. var sett á laggirnar í Smáralind **Lifandi bókasafn** (menneskebibliotek). Lifandi bókasafn starfar eins og venjulegt bókasafn, lesendur koma og fá lánaðar „bækur“ í takmarkaðan tíma og að lestri loknum er bókunum skilað. Það er aðeins einn munur á - bækurnar eru fólk. Bækurnar eru oft fulltrúar hópa sem frekar mæta fordómum og eru fórnarlömb misréttis og félagslegrar útilokunar. Höfundur verkefnisins, Ronni Abergel, kom til landsins af þessu tilefni en verkefnið er unnið í samstarfi við Norræna daga. Lifandi bókasafn var þróað af dönsku samtökunum **Stöðvum ofbeldið** og var hluti af dagskrá Hróarskelduhátíðarinnar í

Danmörku árið 2000. Vel tókst til og síðan hefur verkefnið farið víða. Árið 2003 varð Lifandi bókasafn hluti af verkefni Evrópuráðsins [Youth Promoting Human Rights and Social Cohesion](#).

Ástæðan fyrir vinsældum verkefnisins er ekki síst einfaldleiki þess, þar sem einstaklingar fá tækifæri til þess að mæta sínum eigin fordómum á öðrum forsendum en ella. Lifandi bókasafn í Smáralindinni tókst vel og áhuginn leyndi sér ekki meðal gesta og bóka. Blinda-bókin, Jón Hjalti, var metsölubók dagsins með flest útlán prests-bókin, Toshiki Toma, naut einnig mikilla vinsælda. Fyrirhugað er að standa



Blinda-bókin Jón Hjalti Sigurðsson ásamt Valgerði Þórunni Bjarnadóttur frá menntamálaráðuneyti

fyrir bókasafni af þessu tagi á Unglist 2005 og þjóðahátíð [Alþjóðahússins](#).

## Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar

Á degi íslenskrar tungu, miðvikudaginn 16. nóvember, verður hátíðardagskrá í Reykjaneshæ þar sem [menntamála-ráðherra](#) afhendir [Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) 2005 auk tveggja sérstakra viðurkenninga fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Dagskráin verður í sal Listasafns Reykjaneshæjar í Duus-húsum kl. 16-17 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Finna má upplýsingar um viðburði í tilefni dagsins á vef [dags íslenskrar tungu](#).

## Borgaravitund í evrópskum skólum



Í nýlegri EURYDICE-könnun sem unnin var með stuðningi framkvæmdastjórnar [ESB](#) er sjónum einkum beint að fræðslu um borgaravitund á grunn- og framhaldsskólastigi. Niðurstöður

könnunarinnar má finna í ritinu [Citizenship Education at School in Europe](#) sem þegar hefur verið sent til fjölmargra aðila hér á landi. Ritíð má nálgast á vef [EURYDICE](#).

Í skólum er lagður grundvöllur að félagsmótun og þroskaferli borgara framtíðarinnar og þeir geta lagt mikið af mörkum í því skyni. [Evrópuráðið](#) hefur með þessa þætti í huga nefnt árið 2005 [Evrópuár um borgaravitund og lýðræði](#) í

[skólastarfi](#). Ábyrg borgaravitund er almennt viðurkennt hugtak en í mörgum löndum er ekki talað sérstaklega um borgaravitund. Hugtakið er engu að síður í opinberri menntastefnu í Evrópu. Almennt má segja að hugtakið nái yfir þekkingu á og nýtingu borgaralegra réttinda og ábyrgðar og lýðræðislegrar færni. Sem dæmi um gildin sem tengjast hugtakinu má nefna lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum, umburðarlyndi, samstöðu og þátttöku. Í einstaka löndum er hugtakið virðing fyrir umhverfinu einnig haft með.

Almennt er litið á fræðslu um borgaravitund sem áhersluatriði í menntastefnu. Hún er þó felld inn í námskrár á mismunandi hátt eftir því um hvaða lönd og skólastig er að ræða. Í nær öllum löndum er hún samþætt einni eða fleiri námsgreinum í námskrám grunnskóla og á það t.d. við á Íslandi. Fram kemur að í nær öllum löndum er lögð áhersla á eftirfarandi þrjú aðalmarkmið í náminu: a) að nemendur tileinki sér pólitískt læsi, b) að gera nemendum kleift að móta nauðsynleg viðhorf og gildismat til þess að geta orðið ábyrgir borgarar og c) að hvetja til virkrar þátttöku í lífi og starfi í bæði skóla og samfélagi.

Í öllum löndum Evrópu er lögð áhersla á mikilvægi þess að stuðla að lýðræðislegri skólabrag með virkri þátttöku allra hagsmunaaðila í stjórnun og ákvarðanatöku. Þátttaka nemenda getur verið á ýmsan veg. Til dæmis má nefna kosningar bekkjarfulltrúa, stofnun nemendaráðs eða -þings í skóla, aðild að stjórnnum skóla og samtök eða félög nemenda, þ.m.t. á Íslandi. Í flestum löndum er nemendum fyrst boðin aðild að formlegu ráði eða nemendafélagi á framhaldsskólastigi. Það á þó ekki við um Danmörku, Litháen og Ungverjaland en þar gefst nemendum kostur á öllum þessum

fjórum leiðum til þátttöku á öllum skólastigum.

Á Íslandi og í Noregi er aðaláherslan í fræðslu um borgaravitund á persónuþroska nemenda og að þeir tileinki sér nauðsynleg viðhorf, færni og gildi til að verða sjálfstæðir og sterkir einstaklingar sem geta tekist á við breytingar í samfélaginu. Á Íslandi er einnig lögð áhersla á lýðræðislega þátttöku nemenda í skólasamfélaginu með ýmsum hætti og [Vogaskóli](#) í Reykjavík hefur verið valinn sem sérstakur móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og nemendafraeðslu.

Í flestum löndum eru kennarar á grunnskólastigi almennir kennarar sem eiga að kenna allar námsgreinar, þar með að vera með fræðslu um borgaravitund. Á framhaldsskólastigi hafa kennarar að jafnaði sérmenntun í einni til þremur greinum. Þeir hafa þó sjaldnast sérmenntun á sviði kennslu í borgaravitund vegna þess að þessi grein er yfirleitt á ábyrgð þeirra sem kenna félagsvísindi, sögu, heimspeki eða siðfræði.

[Menntamálaráðuneyti](#) bryddaði upp á ýmsu í tilefni af Evrópuári um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi 2005. Meðal þess helsta má nefna málþing unga fólksins sem haldið var í [Menntaskólanum við Hamrahlíð](#) 30. maí sl. undir yfirskriftinni [Að lífa og læra í lýðræði](#). Ráðuneytið mæltist jafnframt til að 12. október yrði dagur lýðræðis í skólum. [Námsgagnastofnun](#) hefur látið útbúa sérstakt námsefni á vef vegna dagsins.

